

36. fundur stjórnar Byggðasamlags Tónlistarskóla A-Hún verður haldinn fimmtudaginn 1. desember 2016 að Húnavöllum, klukkan 17:00

**Mætt voru:** Anna Margret Sigurðardóttir, Helga Ingimarsdóttir, Róbert Kristjánsson, Jóhanna Magnúsdóttir, Einar Kristján Jónsson og Skarphéðinn Einarsson.

Anna Margret Sigurðardóttir, formaður stjórnar setti fundinn og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Ákvörðun um að fresta hækkun stjórnarlauna
2. Fjárhagsáætlun ársins 2017
3. Kostnaðarskipting á milli aðildarsveitarfélaga
4. Skólastjóri gerir grein fyrir starfi skólans
  - a. Skólastarfið
  - b. Tónleikar nemenda
  - c. Minningatónleikar
5. Önnur mál

**Gengið var til dagskrár:**

**Dagskrá:**

**1. Ákvörðun um að fresta hækkun stjórnarlauna:**

*a. Anna Margret Sigurðardóttir lagði fram eftirfarandi tillögu:*

- i. Stjórn Tónlistarskóla A-Hún samþykkir að hafna hækkun á launum kjörinna fulltrúa í stjórn Tónlistarskóla A-Hún, sem leiddi af ákvörðun Kjararáðs um hækkun þingfararkaups um 44% þann 29. október síðast liðinn.

1. Tillagan samþykkt samhljóða.

**2. Fjárhagsáætlun ársins 2017:**

*a. Framkvæmdastjóri lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2017.*

- i. Stjórnin ræddi áætlunina, heildarkostnað og einstaka rekstrarliði hennar.
- ii. Heildar rekstrartekjur skólans eru áætlaðar 42.199.000 krónur og heildargjöld eru áætluð 42.173.000 kr.

*b. Stjórn Tónlistarskóla A-Hún samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun fyrir árið 2017.*

**3. Kostnaðarskipting á milli aðildarsveitarfélaga:**

*a. Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar kostnaðarskiptingu á milli aðildarsveitarfélaga.*

- i. Heildar framlag sveitarfélaganna hækkar um 1,1% á milli ára.

**4. Skólastjóri gerir grein fyrir starfi skólans:**

*a. Skólastarfið*

- i. Skarphéðinn Einarsson, fer yfir starf skólans.

*b. Tónleikar nemenda*

- i. Skarphéðinn Einarsson, gerði grein fyrir fyrirhuguðum tónleikum nemenda skólans

*1. Þriðjudaginn 13. desember verða haldnir nemendatónleikar á Skagaströnd, klukkan 17:00 í Hólaneskirkju.*

*2. Miðvikudaginn 14. desember verða haldnir nemendatónleikar á Húnavöllum, klukkan 15:30.*

3. *Fimmtudaginn 15. desember verða haldnir nemendatónleikar á Blönduósi, klukkan 17:00 í Blönduóskirkju.*

c. *Minningatónleikar um Jónas Tryggvason*

- i. Skarphéðinn greindi frá minningatónleikum um Jónas Tryggvason. Tónleikarnir voru afar vel heppnaðir í alla staði.

**5. Önnur mál:**

a. *Ekkert var bókað undir þessum lið.*

Fleira ekki gert,

fundi slitið kl. 18:07

Fundargerð ritaði Einar Kristján Jónsson

---

Anna Margret Sigurðardóttir

---

Jóhanna Magnúsdóttir

---

Róbert Kristjánsson

---

Helga Ingimarsdóttir

---

Einar Kristján Jónsson

---

Skarphéðinn Einarsson